

Reglur Landsmóts

1. Munum gullnu regluna og förum eftir henni
2. Umgengni lýsir innri manni. Göngum um allt húsnæði með virðingu. Valdi þátttakandi skemmdum á húsnæði og/eða eigum á mótssvæði, ÆSKP eða annarra er honum gert að bæta tjónið.
3. Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
4. Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins nema annað sé sérstaklega teki fram.
5. Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum sinnar kirkju, starfsfólki og landsmótsstjóra.
6. Orkudrykkir eru bannaðir á landsmóti.
7. Vegna algengis bráðaofnæmis fyrir hnetum eru hnetur og matvörur sem innihalda hnetur (s.s. Snickers) ekki leyfðar á mótinu.
8. ÆSKP ber ekki ábyrgð á verðmætum (s.s. sínum, spjaldtölvum, fartölvum, farangri eða öðru) sem þátttakendur eða leiðtogar taka með sér á mótið.
9. Meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er óheimil á landsmóti. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
10. Tóbaksnotkun er ekki leyfð á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði notkunar aftur vart verður viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað. Sama gildir um rafrettur.

Æskulýðsfélögin skrá sinn hóp og leiðtoga því þarf að skila leyfisbréfinu til leiðtoga í heimasöfnuði í síðasta lagi:

(Síðasti dagur fyrir leiðtoga til að skrá er 4.okt)

Staðfestingargjald og greiðsla vegna þáttöku á mótið skal greiða inn á eftirfarandi reikning/kennitala:

Allar frekari upplýsingar um mótið má finna á heimasíðu ÆSKP

www.aeskth.is

Þar munu einnig birtast fréttir af framgangi mótsins.

13. október þarf skráning í hæfileikakeppnina einnig að liggja fyrir - ætlar þitt félag að taka þátt?

Landsmót ÆSKP Ólafsvík

25.-27. október
2019



Ekki bara gaman...

Síðastliðin ár hefur ÆSKP átt gott og farsælt samstarf við Hjálparstarf kirkjunnar í tengslum við landsmót. Unglingarnir á landsmóti hafa látið gott af sér leiða og safnað peningum til góðgerðarmála. Ávöxtur þessa starfs er dýrmætur og það sést best þegar við lítum til baka og sjáum það sem landsmót hefur gefið af sér, bæði í formi peninga og gjafa en ekki síst í formi þekkingar og skilnings á aðstæðum bræðra okkar og systra um allan heim.

Það er mikilvægt að læra það snemma í lífinu að við getum haft áhrif og tileinka sér það hugafar að láta gott af sér leiða. Með því að taka þátt í landsmóti fá þátttakendur tækifæri til að auka við þekkingu sína og kynnast málefnum líðandi stundar og hvernig þau geta sett sitt mark á eigið líf og mögulega líf annara.

Sem dæmi má nefna að árið 2010 vour 75 þrælaborrn frelsuð úr skuldaánaudu á Indlandi. Árin 2011 og 2012 var safnað fyrir innviðum bæði í Japan og í Malaví.

2013 og 2015 var safnað fyrir fátæk ungmenni á Íslandi. 2014 var safnað fyrir alnæmisverkefni hjálparstarfsins.

2016 var fötum safnað og þau send til flóttamanna í Sírylandi, Jórdaníu og Líbanon.

2017 horfðum við til sköpunarverksins og hvernig við gætum varðveitt það út frá náttúruverndarsjónarmiðum og 2018 horfðum við í eigin barm og veltum því upp hvað skiptir okkur máli og hvernig eflum við samskipti okkar við náungan og barist gegn félagslegri einangrun ungmenna.

Yfirskriftin 2019 er: Skapandi landsmót

Í ár horfum til þess sem við getum gert, kraftinn sem býr innra með okkur og æfum okkur í að virkja hæfileikana okkar. Við munum skoða og þroska okkur sjálf í gegnum leiki, verkefni og listir. Hver og einn þátttakandi mun fá tækifæri til að finna hvað hreyfir við sköpunargleðinni.

Dagskrá mótsins

Verður birt á heimasíðunni www.aeskth.is en hún verður líkt og undanfarin ár fjölbreytt og skemmtileg. Fastir liðir eins sundlaugapartíjið, hæfileikakeppnin og ballið verða á sínum stað.

Þá veður einnig í boði leikir, listir, útivist og margt fleira. Á meðan á ballinu stendur verður einnig hægt að kíkja í hvíslhornið þar sem prestur/leiðtogi verður til staðar ef einhver vill spjalla á lágu nótonum eða eiga góða kyrrðarstund. Auk þess verður spilstöð fyrir þá sem ekki hafa áhuga á dansinum.

Kvennfélagið í Ólafsvík sér um matinn á mótinu og verður hann snæddur í Félagsheimilinu. Það er mikilvægt að forráðamenn tilkynni um ofnæmi eða annað slíkt um leið og þátttakendur eru skráðir svo hægt sé að gera ráðstafanir í tíma.

Hvað þarf að fara í tösuna?

Þegar haldið er í ferðalag sem þetta þá er nauðsynlegt að hafa réttan farangur. Því viljum við benda ykkur á nokkra hluti sem eru mikilvægir: föt til skiptanna, góð útiföt, sundföt, skjólfatnað, skó og íþróttaskó. Nauðsynlegt er að koma með svefnþoka, kotta og dýnu, athugið að tvíbreiðardýnur eru ekki leyfilegar nema tveir komi til með að sofa á þeim. Snyrtidót, s.s. tannbursta, tannkrem, sjampó, handklæði og fleira því tengt. Þátttakendur koma með allan búnað á eigin ábyrgð. Því skal gæta ýtrustu varúðar með dýran búnað s.s. farsíma oph.

Við skulum hafa í huga að í svona ferð er mikilvægt að vera jákvæð/ur, hafa bros á vör, gleði í hjarta og sýna náunga okkar fyllstu virðingu!

Til þess að hafa næga orku fyrir Landsmót frá upphafi til enda er mikilvægt að borða hollan mat, drekka vatn og ná þokkalegum nætursvefni. Það er mikið að gerast á mótinu og þess vegna þurfum við sérstaklega að passa uppá orkubirgðirnar þessa helgi. Við skulum líka vera dugleg að passa uppá hvert annað og láta leiðtoga vita ef eitthvað er að.

Verð á mótið er 20.000 kr fyrir aðildarfélög ÆSKP en 24.900 fyrir aðra. Innifalið í verðinu eru allar ferðir, matur, svefnaðstaða og aðgangur á mótið. Staðfestingargjald að upphæð 7.000 kr. skal greiða við skráningu og er gjaldið óafturkræft.

Hvert æskulýðsfélag/kirkja tekur við mótsgjaldinu fyrir sinn hóp.